

Nd.

187. Frumvarp til laga

um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd, er nefnist Viðskiptaráð, og jafnmarga varamenn, er sæti taka í ráðinu í forföllum aðalmanna eða ef sæti verður laust um stundarsakir.

2. gr.

Viðskiptaráð hefur þessi verkefni með höndum:

1. Ákveður hvaða vörur skuli flytja til landsins.
2. Ráðstafar farmrými í skipum, er annast eiga vöruflytninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.
3. Ráðstafar gjaldeyri til vörukaupa erlendis og annarra nauðsynja.
4. Úthlutar innflutningi á vörum til innflytjenda og setur þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera eða verða vegna ófriðarástands eða viðskiptaskilyrða.
5. Annast innflutning brýnna nauðsynja, ef sýnilegt þykir, að innflytjendur sjái ekki þörfum þjóðarinnar borgið.
6. Fer með verðlagsáskvarðanir og verðlagseftirlit samkv. lögum nr. 79/1942 eða öðrum lögum, sem sett verða í þeirra stað, og vöruskömmtnun lögum samkvæmt. Ráðherra getur sett Viðskiptaráði starfsreglur.

3. gr.

Engan erlendan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis Viðskiptaráðs, nema séu greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vextir og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, þannig að hinn siðarnefndi fái einn þriðja hluta alls gjaldeyris, ef hann óskar, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, sem hvor banki fær, getur ráðherra breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f. Þó er pósthjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðherra setur.

Með reglugerð er heimilt að selja þau ákvæði, er þurfa þykir, til að tryggja það, að íslenzkar afurðir og aðrar vörur, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar erlendur gjaldeyri, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra. Bannað er að flytja íslenzkan eða erlendan gjaldmiðil úr landi, nema nauðsynlegan farareyri eftir reglum, sem ráðherra setur.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli í reglugerð um efni þau, er í lögum þessum greinir, þar á meðal um úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, um gjaldeyrisverzlun, um eftirlit tollmanna til varnar við útflutningi erlends og innlends gjaldeyris og til tryggingar því, að íslenzk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri og að honum verði ráðstafað samkvæmt settum reglum.

5. gr.

Hver sá, er innflutningsleyfi fær, greiði Viðskiptaráði $\frac{1}{2}\%$ af upphæð þeirri, sem leyfi hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert einstakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af Viðskiptaráði og framkvæmd þessara laga.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, þar á meðal skilyrðum um leyfi, er Viðskiptaráð setur, varða sektum allt að 100000 kr. Ef miklar sakir eru eða brot er itrekað, má og svipta sökunaut með dómi rétti til verzlunar. Upptaka eignar samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

7. gr.

Mál út af brotum samkvæmt 6. gr. fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi númer lög nr. 99/1941, svo og önnur ákvæði, sem fara í hág við lög þessi.

Lög þessi falli úr gildi í síðasta lagi sex mánuðum eftir að núverandi Evrópu-styrjöld er lokið.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal starfa þangað til Viðskiptaráð hefur tekið við þeim störfum, sem nefndin hefur nú.